

GJALDSKRÁ

vatnsveitu Húnaþings vestra.

1. gr.

Vatnsgjald.

Almennt vatnsgjald skal vera 0,25% af fasteignamati mannvirkja og lóða. Gjald dagar almenns vatnsgjalds eru þeir sömu og sveitarstjórn ákveður hverju sinni vegna álagðra fasteignagjalda í sveitarfélaginu.

2. gr.

Aukavatnsgjald.

Aukavatnsgjald til stórnotenda er 35 kr./m³.

3. gr.

Heimæðagjald vatnsveitu.

Notendur greiða heimæðagjöld sem miðast við að ídráttarrör fyrir heimæðar hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitunnar að inntaksstað við mannvirkið og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út og samþykkt af vatnsveitunni.

<i>Þvermál inntaks</i>	<i>Heimæðagjald</i>	<i>Yfirlengd</i>
32 mm eða minna	132.000 kr.	3.200 kr./m
40 mm	184.000 kr.	4.200 kr./m
50 mm	260.000 kr.	6.300 kr./m
63 mm	525.000 kr.	7.400 kr./m
75 mm	790.000 kr.	8.500 kr./m

Heimæðagjöld fyrir stærri inntök eru reiknuð sérstaklega hjá tæknideild. Viðbótarkostnaður/yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 50 m á lóð viðkomandi mannvirkis. Heimæðagjald skal greitt þegar lokið hefur verið við tengingu vatnsveitunnar við viðkomandi mannvirki. Heimæðagjald breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu. Ofangreint verð tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar sem tók gildi 1. nóvember 2020 og var 148,4 stig.

4. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðagjalds. Vatnsgjald og heimæðagjald, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign næstu tvö árin eftir gjalddaga og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

5. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er á 396. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra 18. nóvember 2025 er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga tekur gildi 1. janúar 2026. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá vatnsveitu Húnaþings vestra nr. 1521/2024.

Húnaþingi vestra, 8. desember 2025.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 11. desember 2025